

# Kennsluáætlun í dönsku skólaárið 2020-2021

## 10. bekkur

**Kennari:** Jóna Lára Sveinbjörnsdóttir

Dönskukennsla í 9.-10. bekk í Grunnskóla Öfundarfjarðar tekur mið af þeim hæfniviðmiðum sem sett eru fram í Aðalnámskrá á öðru og þriðja stigi. Samkvæmt Aðalnámskrá skiptist danskan í eftirfarandi þætti: Hlustun, lesskilning, samskipti, frásögn, ritun, menningarlæsi og námshæfni.

Ekki er unnið með einn þátt í einu heldur skarast þessir þættir í flestum verkefnum. Hæfniviðmið/markmið eru tilgreind í upphafi hvers verkefnis eða lotu.

### **Kennsluaðferðir:**

Kennslan er einstaklingsmiðuð með áherslu á hlutbundið nám og eru leikir og spil mikið nýtt sem kennsluaðferð með það að markmiði að vekja áhuga nemendanna og gera dönskuna að áhugaverðu og lifandi námsefni. Mismunandi leiðir eru farnar að markmiðum Aðalnámskrár sem taka mið af áhugasviði og þroska nemandans. Nemendur fá tækifæri til samvinnu, samræðu, að lesa upphátt og segja frá og er lögð áhersla á framburð og orðaforðavinnu. Unnið er með grunnmálfræði m.a. í gegnum ritun og spil. Nokkur þemaverkefni eru yfir skólaárið.

Notast er við: Spil-lestrarbækur-myndbönd-hlusturnarefni-dagblöð-útbrentanlegt efni af vef-lesskilningsverkefni o.fl.

**Námsmat:** Námsmatið tengist lykillæfni Aðalnámskrár og byggist m.a. á virkni, vinnibrögðum, færni, skilningi og einbeitingu nemenda. Símat, endurgjöf og eftirfylgni. Lokamat fer aðeins fram við lok 10. bekkjar. Matskvarði í 8.-9. bekk er Framúrskarandi, hæfni náð, á góðri leið, þarfnast þjálfunar, hæfni ekki náð. Matskvarði í 10. bekk er A,B+,B,C+,C,D

Kennsluáætlunin er birt með fyrirvara um breytingar

## Hlustun

Við lok 10. bekkjar getur nemandi (við lok 3. stigs):

Fyrirhafnarlítið tileinkað sér talað mál um margvísleg málefni í kunnuglegum aðstæðum þegar framsetning er áheyrileg,

- tileinkað sér aðalatriði úr kynningum og frásögnum sem eru innan áhuga-, námsog þekkingarsviðs hans og brugðist við efni þeirra, sagt frá, unnið úr eða nýtt sér á annan hátt
- án vandkvæða fylgst með aðgengilegu efni í fjöl- og myndmiðlum sér til gagns og ánægju, sagt frá og unnið úr
- hlustað eftir nákvæmum upplýsingum, valið úr þær sem við á og brugðist við eða unnið úr þeim.

### Leiðir að markmiðum:

- Samtöl og einföld fyrirmæli í kennslustund
- Hlustað og horft á danskar fréttir eða annað sjónvarpsefni og unnið úr þeim upplýsingum.
- Hlustað á dönsk lög og skilað kynningu á þeim.

## Lesskilningur

Við lok 10. bekkjar getur nemandi (við lok 3. stigs):

Lesið sér til gagns og ánægju almenna texta af ýmsum toga með nokkuð fjölþættum orðaforða og valið lestraraðferð eftir eðli textans og tilgangi með lestrinum

- aflað sér upplýsinga úr texta, greint aðalatriði frá aukaatriðum, gert sér grein fyrir helstu niðurstöðum og nýtt sér í verkefnavinnu
- lesið sér til fróðleiks rauntexa, t.d. úr dagblöðum, tímaritum og netmiðlum sem fjalla um efni er varðar líf hans, aðstæður eða umhverfi, brugðist við efni þeirra, sagt frá eða unnið úr á annan hátt
- lesið sér til gagns, ánægju og þroska smásögur og skáldsögur ætlaðar ungu fólki og myndað sér skoðanir á efni þeirra og lesið og tileinkað sér efni sem tengist öðrum námsgreinum og hugtök sem tengjast þeim og nýtt í nýju samhengi

## Leiðir að markmiðum

- Nemendur fá stutta texta og verkefni sem krefjast þess að þau skilji efnið og geti unnið með þá á fjölbreyttan hátt.
- Nemendur lesa léttlestrarbækur og vinna verkefni með. Bókaklúbbur að lestri loknum þar sem nemendur ræða bækurnar í hóp. *Alarm, Den nye lærer, Scooter*
- Tímaritsgreinar og -fréttir og unnið með efnið í þeim
- Þemaverkefni þar sem nemendur þurfa að afla sér upplýsinga og finna lykilatriði í texta sem nýtist þeim í verkefninu.

## Samskipti og frásögn

### Við lok 10. bekkjar getur nemandi (við lok 3. stigs):

Sýnt fram á að hann er vel samræðuhæfur um kunnugleg málefni, beitir nokkuð réttu máli, eðlilegum framburði, áherslum og hrynjandi, notar algeng föst orðasambönd úr daglegu máli og kann að beita viðeigandi kurteisis- og samskiptavenjum, hikorðum og ólíkum aðferðum til að gera sig skiljanlegan og skilja aðra, t.d. með því að umorða

- tekið þátt í óformlegu spjalli um daginn og veginn um efni sem hann er vel heima í
- tekist á við margs konar aðstæður í almennum samskiptum, t.d. miðlað og tekið á móti upplýsingum á ferðalögum, sem gestgjafi eða í netsamskiptum
- tekið þátt í skoðanaskiptum, fært einföld rök fyrir máli sínu og tekið tillit til sjónarmiða viðmælanda

### Við lok 10. bekkjar getur nemandi (við lok 3. stigs):

Tjáð sig áheyrilega um málefni sem hann þekkir, beitt tungumálinu af nokkurri nákvæmni hvað varðar reglur um málnotkun, framburð, áherslur, hrynjandi og orðaval

- tjáð sig skipulega með undirbúið eða óundirbúið efni sem hann þekkir, hefur hlustað á, lesið um eða unnið með í námi sínu, sagt skoðun sína á því og brugðist við spurningum
- flutt stutta frásögn eða kynningu um undirbúið efni blaðalaust og af nokkru öryggi
- samið, æft og flutt frumsamið efni, t.d. stutt atriði eða sögu,

Lögð er rík áhersla á:

- að allir nemendur fái tækifæri til að tjá sig og eiga samskipti við hvort annað sem og kennarann á dönsku
- framburð nemenda og helstu reglur í framburði eru ræddar við hvert tækifæri yfir skólaárið.  
T.d. y - ø - å - e - a - o - u / hljóðlausir stafir inni orðum t.d. orðið bord er borið fram - bo - (r og d eru hljóðlausir).

## Leiðir að markmiðum

- Leikir og spil þar sem nemendur þurfa að tala saman.
- Upplestur í tíma eða send sem hljóðupptaka til kennarans. (Google classroom eða mentor)
- Frjálsar umræður í tíma með áherslu á orðaforða og framburð.
- Verkefni með upplestri og kynningu í lokin.

## Ritun

Við lok 10. bekkjar getur nemandi (við lok 3. stigs):

Skrifað lipran samfelldan texta á hnökralitlu máli um efni sem hann hefur þekkingu á, sýnt fram á góð tök á orðaforða og meginreglum málnotkunar, fylgt hefðum varðandi uppbyggingu og samhengi texta og notað tengiorð við hæfi

- skrifað ýmsar gerðir af textum, bæði formlega og óformlega og hagað orðum sínum með lesanda í huga og í samræmi við inntak og tilgang með skrifunum
- skrifað um eða brugðist skilmerkilega við því sem hann hefur hlustað á, séð eða lesið og fylgt ákveðnu formi textagerðar þar sem það á við
- tjáð sig um skoðanir sínar, tilfinningar, reynslu og þekkingu
- leikið sér með málið og látið sköpunargáfunu og ímyndunaraflíð njóta sín.

## Leiðir að markmiðum

- Ný og óþekkt orð í texta notuð í setningagerð. (auka orðaforðann)
- Ritun nýtt í kennslu málfræðireglna (setningar, sögur, dagbók).
- 10 mínútna frjáls ritun í byrjun tíma (reglulega yfir skólaárið)
- Sögugerð um ákveðið efni eða tengd málfræði, t.d. lýsingarorðasaga, sagnorðasaga.

Nemendur fá kynningu á eftirtöldum málfræðiatríðum og er unnið með þau á fjölbreyttan og hlutbundin hátt. Spil eru mikið notuð við kennslu:

Spurnarformöfn; sagnir-nútíð/þátíð; nafnorð-kyn, greinir, eintala/fleirtala; tölur, algengar forsetningar, lýsingarorð.

## Menningarläsi

Við lok 10. bekkjar getur nemandi (við lok 3. stigs):

Sýnt fram á að hann þekkir vel til mannlífs og menningar á viðkomandi málsvæði og gerir sér vel grein fyrir hvað er líkt eða ólíkt hans eigin aðstæðum

- sýnt fram á að hann þekkir nokkuð til innri samfélagsgerðar, hvað einkennir þjóðfélagið og það sem er efst á baugi hverju sinni
- sýnt fram á að hann kann nokkur deili á fjölbreyttum uppruna þegnanna á viðkomandi málsvæði og gerir sér grein fyrir takmörkunum staðalmynda og áhrifum fordóma
- getur greint á milli helstu afbrigða tungumálsins, t.d. hvað er danska, norska, sænska, færeyska, skoska, ameríska.

## Leiðir að markmiðum

- Verkefni unnin tengd Danmörku, menningu þess og hefðum (jól, páskar og aðrar hátíðir)
- Samræður í bekk um hvað er líkt og ólíkt með menningunni í Danmörku og á Íslandi
- Verkefni og samræður í bekk um tengsl orða, hvað er líkt og ólíkt.
- Hlustað á dönsk lög og horft á danska sjónvarpsþætti
- Þemaverkefni þar sem við búum til danskan bæ og vinnum fjölbreytt verkefni út frá þeim bæ. (skipuleggja m.a. ferðalag innan Danmerkur)

## Námshæfni

Við lok 10. bekkjar getur nemandi (við lok 3. stigs):

Sett sér raunhæf markmið, skipulagt nám sitt á markvissan hátt og lagt mat á eigin stöðu og námsframvindu:

- beitt margvíslegum námsaðferðum sem geta komið að gagni í náminu og veit hvenær þær eiga við, t.d. nýtt sér samhengi í texta eða aðstæðum til að geta sér til um merkingu orða
- beitt á raunsæjan hátt sjálfsmati og jafningjamati í tengslum við viðfangsefni námsins og veitt sanngjarna endurgjöf
- nýtt sér reynslu sína og þekkingu til að skapa nýja þekkingu og nota í nýju samhengi
- unnið sjálfstætt, með öðrum og undir leiðsögn og tekið tillit til þess sem aðrir hafa til málanna að leggja
- nýtt sér öll helstu hjálpartæki, s.s. ítarefni, efni úr fjölmiðlum, orðabækur, veforðasöfn, leiðréttingarforrit, tungumálaforrit og leitarforrit og umgengist þau af gagnrýni.

### Leiðir að markmiðum:

- Tengsl danskra orða bæði við íslensku og ensku rædd reglulega í tíma
- Lögð er áhersla á notkun orðabóka bæði á netinu sem og bók og mikilvægi þess að orð séu rétt slegin inn. (gagnrýnin hugsun)
- Unnið sjálfstætt, í þörum og í samvinnu við aðra.
- Lögð er áhersla á samræður í bekk þannig að allir fái að tjá sig.